

Samningur um almenningssamgöngur á Norðurlandi eystra

Vegagerðin, kt. 680269-2899, annars vegar, og Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Eyþing, kt. 561192-2199, hinsvegar, gera með sér eftirfarandi samning um skipulagningu almenningssamgangna á Norðurlandi eystra (starfssvæði Eyþings), sbr. ákvæði um einkaleyfi í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

1. gr.

Eyþing sér um að skipuleggja og tryggja almenningssamgöngur í samræmi við þarfir með því að halda uppi reglubundnum fólksflutningum á starfssvæði Eyþings.

2. gr.

Eyþing mun leitast við að skipuleggja almenningssamgöngur með þeim hætti að þjónusta verði sem best, á þeim leiðum og þeim tímum sem notkun er mest. Þessi þjónusta getur ýmist verið veitt með föstum skipulögðum ferðum eða pöntunarþjónustu. Eyþing mun einnig leitast við að tengja svæðið við ferjur til og frá Grímsey og Hrísey auk þess að tengja svæðið við flugsamgöngur.

3. gr.

Eyþing mun hafa samráð við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra og Fjórðungssambands Vestfirðinga um leiðina á milli Reykjavíkur og Akureyrar, þannig að starfssvæði allra þessara samtaka geti tengt akstur sinn við leiðina. Auk þess mun Eyþing hafa samráð við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um tengingu starfssvæðanna um Mývatnssveit.

4. gr.

Vegagerðin greiðir Eyþing 59 milljónir kr. árlega í styrk vegna reglubundinna fólksflutninga, samkvæmt samningi þessum. Fjárhæðin skal greidd út með mánaðarlegum greiðslum skv. útgefnum reikningi frá Eyþing og skýrslu um ferða- og farþegafjölda.

Styrkfjárhæð er miðuð við verðlag 1. janúar 2012 og skal verðbæta fjárhæð til greiðslu ársfjórðungslega.

Styrkfjárhæð skal breytast, til hækkunar eða lækkunar, í hlutfalli við breytingar launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir samkvæmt lögum og skráningu eldsneytisverðs, vísitölu díselolíu, undivísitölu neysluverðsvísitölu nr. 07224.

Verðbæta skal upphæð mánaðarlegrar greiðslu ársfjórðungslega og skal taka eftirfarandi breytingum:

- a) Vinnulaun
1% breyting á launavísitölu breytir styrkfjárhæð um 0,48%
- b) Olíukostnaður
1% breyting á vísitölu díselolíu breytir styrkfjárhæð um 0,22% ,
undirvísitala neysluverðsvísitölu nr. 07224
- c) Annar rekstrarkostnaður
1% breyting á vísitölu neysluverðs breytir styrkfjárhæð um 0,30%

Verðbætur samkvæmt framangr. ákvæðum koma fyrst til framkvæmda 1. apríl 2012.

Um verðbreytingar gildir eftirfarandi:

Mánaðarleg greiðsla eins og hún er í janúar 2012 gildir frá janúar, febrúar og mars 2012. Síðan er mánaðarleg greiðsla verðbætt í apríl og gildir sú fjárhæð í apríl, maí og júní, o.s.frv.

Grunnur verðtryggingar er í janúar 2012, fyrir vísitölu neysluverðs og díselolíu en í desember 2011 fyrir launavísitölu.

Tekjur af far- og farmgjöldum, auk annarra tekna sem einkaleyfishafi kann að afla með rekstri sínum, renna óskertar til hans.

5. gr.

Eyþing skal uppfylla kröfur laga nr. 73/2001, þar á meðal gæða- og tæknikröfur bifreiða við framkvæmd samningsins. Auk þess eru aðila sammála um það að samtökin stefni að notkun umhverfisvænna bifreiða við aksturinn.

6. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að stefna að því að notendur almenningssamgangna á starfssvæði Eyþings hafi aðgang að sameiginlegu þjónustuborði sem verði þróað í samvinnu við aðra aðila sem koma að almenningssamgöngum.

7. gr.


Unnið verði að því á samningstímanum að fella akstur með framhaldsskólanema á svæðinu að öðrum almenningssamgöngum með því markmiði að fjármunir nýtist sem best. Jafnframt munu sveitarfélögin vinna að

Því að skipuleggja skólaakstur m.t.t. og aðgangs almennings að akstrinum eftir því sem tæk eru á.

8. gr.

Samningurinn tekur gildi 01.01.2012 og gildir til 31. 12. 2018 sem framlengist um tvö ár í senn sé honum ekki sagt upp með níu mánaða fyrirvara og miðast við að samningar séu lausir um áramót. Samningur þessi er til reynslu og verður endurskoðaður á samningstímanum ef tilefni verður til.

Reykjavík, 29. desember 2011.


f.h. Eypings



f.h. Vegagerðarinnar

Staðfesting innanríkisráðuneytis


Stjórnvæðing

Vottar að lögum:

(Nafn og kt.)


Rósa Þórunn 096552-4739


Kristín H. Sig. 220462-2859